

Veiðifélag Ytri-Rangár
Bjólu 1
851 Hella

9. mars 2026
UOS2501500/A.E.H.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 2. júní 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Veiðifélag Ytri-Rangár Húsafelli, ID 246 þann 30. apríl 2026. Þann 3. mars 2026 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Eldri opin frávik:

1. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Árið 2023 reiknaðist fosfórslosun 8,9 kg P/tonn og er yfir mörkum starfsleyfis sem eru 7 kg P/tonn. Rekstraraðili ætlar að hafa betra eftirlit með fóðrun til að lækka fosfórslosunina. Úrbætur verða teknar út í næsta eftirliti.
2. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2023 var með ófullnægjandi upplýsingum. Fullnægjandi skil bárust 3. mars 2026, frávikinu er lokað.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirlit fyrir árið 2024 var ekki skilað inn til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí 2025. Fullnægjandi ársyfirliti var skilað inn 3. mars 2026, frávikinu er lokað.
2. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi vegna ársins 2024 var ekki skilað inn til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí 2025. Rekstraraðili áætlar að skila inn grænu bókhaldi fyrir árið 2024 fyrir 1. júní 2026. Úrbætur verða teknar út í næsta eftirliti.
3. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Fosfórslosun ársins 2024 er 8,4 kg P/tonn sem er yfir mörkum starfsleyfis sem eru 7 kg P/tonn. Rekstraraðili ætlar að hafa betra eftirlit með fóðrun til að lækka fosfórslosunina. Úrbætur verða teknar út í næsta eftirliti.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur í teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson
lögfræðingur í teymi eftirlits